

Fimmtudaginn 5. október 1950.

Nr. 19/1949. **H/f Kári** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn

**Alþýðusambandi Íslands sjálfs sín vegna og
f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Kæru um ólögmett verkfall vísað frá dómi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. nóvember f. á., af h/f Kára í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands sjálfs sín vegna og f. h. vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1) Að stefndu verði dæmdir til refsingar fyrir brot á II. kafla laga nr. 80/1938,

2) að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 20.000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins og málskostnað eftir mati Félagsdóms.

Stefndu kröfðust í upphafi sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. En eftir að dómur hafði gengið í Félagsdómi 17. marz þ. á. í málinu nr. 7/1949 kröfðust stefndu þess, að málinu yrði vísað frá dómi og stefnanda þá gert að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins.

Stefnandi mótmælti frávísunarkröfu stefndu. Í þinghaldi 13. apríl s.l. fór fram munnlegur málf lutningur um frávísunarkröfuna. Að honum loknum taldi dómurinn nauðsynlegt, að aflað yrði fyllri gagna áður en dæmt væri um frávísunarkröfuna, og var málinu frestað til frekari gagnasöfnunar. Að þessum gögnum fengnum var málið flutt af nýju að því er frávísunarkröfuna varðaði.

Atvik málsins eru þessi:

Stefnandi, h/f Kári, er eigandi vélbátsins Kára Sölmundarsonar, R 39. Bátur þessi stundaði línuveiðar frá Reykjavík á vetrarvertíðinni 1949 og var afli hans lagður upp í Reykja-

vík. Hinn 1. apríl 1949 hóf vörubílstjórafélagið Þróttur í Reykjavík verkfall, í því skyni að ná nýjum samningum við Vinnuveitendasamband Íslands. Samkvæmt skýrslu stefnanda þar það til að morgni þess 10. apríl, en þá stóð verkfall Þróttar enn yfir, að framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands og menn úr stjórn vörubílstjórafélagsins Þróttar hindruðu skipverja á m/b Kára Sölmundarsyni í því að flytja lóðir sínar til skips í handvagni eða á sjálfum sér, á þeim grundvelli, að sögn stefnanda, að lóðirnar mætti aðeins flytja á vörubifreiðum í eigu félagsmanna í vörubílstjórafélaginu Þrótti. Jafnframt kveður stefnandi, að sömu menn hafi hótad því, að afgreiðslubann yrði lagt á nefndan vélbát, ef hann leitaði til annarrar verstöðvar. Hafi m/b Kári Sölmundarson orðið að hætta róðrum af framangreindum ástæðum. Stefnandi telur, að hér hafi verið um ólöglegt verkfall að ræða af hálfu stefndu, þar sem skipverjar hafi þannig að tilhlutan þeirra verið hindradir í því að geta stundað venjulega vinnu sína. Sér hafi ekki á neinn hátt verið boðad verkfall og hann hafi hvorki verið í Vinnuveitendasambandi Íslands, né átt í nokkurri vinnudeilu við vörubílstjórafélagið Þrótt. Stefnu hafi því samkvæmt framansögðu gerzt sekir um brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og orðið skaðabótaskyldir gagnvart sér.

Stefndu hafa mótmælt því, að þeir hafi á nokkurn hátt með afskiptum sínum af m/b Kára Sölmundarsyni brotið lög nr. 80/1938 og hvorki með þeim hætti né öðrum orðið skaðabótaskyldir gagnvart stefnanda út af afskiptum sínum af nefndum bát. En frávísunarkröfu sína byggja þeir á því, að hindrun sú, sem þeim er gefin að sök, sé ekki, þó að sönnuð væri, brot á lögum nr. 80/1938 og eigi Félagsdómur því ekki dómvald um þá sök.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, er stefndu gefið það að sök, að hafa orðið þess valdandi, að skipverjar á m/b Kára Sölmundarsyni fengu eigi framkvæmt venjulega vinnu sína, og með þeim hætti orðið sekir um ólögmæta vinnustöðvun. Skipverjar á Kára voru hvorki félagsmenn í vörubílstjórafélaginu Þrótti né í öðru verklýðsfélagi, sem lýst hafði yfir samúðarvinnustöðvun með verkfalli Þróttar. Slík vinnuhindrun af hálfu stefnda, þó sönnuð væri, fellur hvorki undir sér-

ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 né verður talin sérstakt brot á öðrum ákvæðum laganna. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. sömu laga á Félagsdómur að dæma í málum, sem rísa út af kæru um brot á þeim lögum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmetrar vinnustöðvunar, en telja verður, að þar sé átt við verkföll og verkbönn samkv. II. kafla oftnefndra laga. Fellur því ekki undir Félagsdóm, að skera úr framangreindu sakaratriði og ber af þeim sökum að vísa málinu frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. desember 1950.

Nr. 8/1950.

Alpýðusamband Íslands f. h. Verklýðs og sjómannafélags Bolungavíkur

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, dags. 22. júní þ. á., var flutt munnlega hér fyrir dómi 20. þ. m. En áður en málið verður dæmt þykir rétt, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938, að leitað sé frekari gagna og upplýsinga um eftirfarandi atriði.

1. Spyrja skal skipstjóra og skipverja, hvort borið hafi á leka á vélbátnum Særúnu, ÍS 6, í desember 1949 og fyrir 24. janúar þ. á., og ef svo var, hversu mikið hafi að honum kveðið. Þá skulu þeir og inntir nákvæmlega eftir því, hvort og hve mikið hafi orðið vart við leka, er báturinn var fluttur til Ísa-